



Reykjavík, 22. júlí 2021

R21070133

6600

bb

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Nauthólsvegur 87 - deiliskipulag

Á fundi borgarráðs þann 22. júlí 2021 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 19. júlí 2021, varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir Nauthólsveg 87, ásamt fylgiskjöldum.


Það tilkynnist hér með.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Færانlegar kennslustofur eru gott verkfæri til að bregðast við fjölgun í hverfi sem er annað hvort tímabundin, eða gerist hraðar en fyrirséð var. Þessi lausn hefur verið notuð til margra áratuga og hefur með árunum orðið betri og þróaðri. Þar sem fjölgunin er tímabundin eru slíkar kennslustofur mun betri nýting fjármagns og geta jafnfram risið hraðar en varanlegar byggingar.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Hér er verið að sækja um að framlengja leyfi kennslugáma þar til önnur lausn finnst fyrir Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík. Hjallastefnan hefur óskað eftir viðræðum við Reykjavíkurborg um framtíð Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík og standa þær viðræður yfir eftir því sem fulltrúi Flokks fólksins kemst næst. Beðið er eftir hvað verður um lóðina nr. 81 við Nauthólsveg en skólinn missir aðstöðu sína þar sem hann er nú starfræktur á Nauthólsvegi 87 að næsta skólaári loknu að óbreyttu. Málefni skólans hafa verið í óvissu lengi og óvissa er alrei góð. Fulltrúa Flokks fólksins finnst mikilvægt að þessi mál verði ákvörðuð í samráði við forsvarsfólk Hjallastefnuskólanna sem allra fyrst.



Helga Björk Laxdal
e.u.